

Rannsóknáherslur

Viðauki 1 við rannsóknarstefnu fiskeldis- og fiskalíffræðideildar Háskólans á Hólum.

1 - Grunn áherslur

Deildin leggur áherslu á rannsóknir á eftirfarandi fræðasviðum: Þróunarvistfræði, ferskvatnsvistfræði, þroskunarfræði, atferlisfræði, lífeðlisfræði, fiskeldi og umhverfisfræði.

Deildin stefnir að því að samþætta rannsóknir á þessum fræðasviðum, ýta undir aukið samstarf, t.d. með áherslu á samþættingu rannsókna út í náttúrunni og inni á rannsóknarstofu.

Deildin stefnir að því að vera leiðandi á sínum fræðasviðum. Það verður gert með því að bjóða upp á bestu mögulega aðstöðu, vera í forystu fræðilegrar umræðu og kennslu, og með því að skipuleggja fundi og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum vinnustofum og ráðstefnum.

Til þess að bæta rannsóknir á sínum fræðasviðum þá mun deildin bæta samskipti með því að hvetja til frekara rannsóknarsamstarfs innan deildarinnar. Þá er stefnt að því að auka bein samskipti um vísindi innan deildarinnar og tryggja að þekking um aðferðir og tækni glatist ekki.

Deildin mun leitast við að tryggja að fjármunir og önnur verðmæti verði nýtt á markvissari hátt með bættri stjórnun rannsóknarverkefna. Deildin mun útbúa verklagsreglur um stjórnun og framkvæmd rannsóknarverkefna. Deildin mun útbúa leiðbeiningar fyrir verkefnisstjóra um kostnað við notkun á aðstöðu og ráðningu aðstoðarfólks og nemenda. Deildin mun útbúa yfirlit um notkun og aðgengi að rannsóknarrými.

Deildin stefnir að því að gera rannsóknir hennar sýnilegri í samfélaginu

Deildin gerir sér grein fyrir mikilvægi framhaldsnema við rannsóknir. Því mun deildin sjá til þess að leiðbeinendur fái nægilegan stuðning og þjálfun. Deildin gerir sér grein fyrir skyldum sínum gagnvart framhaldsnemum og gerir kröfur um að leiðbeiningasamningur verði gerður milli leiðbeinenda og nemanda. Deildin mun gera nemendur að þáttakendur í akademísku umhverfi deildarinnar og hvetja þá til þess að þroskast sem sjálfstæðir vísindamenn.

2 – Ráðningarstefna

Deildin hefur mótað eftirfarandi ráðningarstefnu til að styðja við grunnáherslurnar sem settar eru fram hér að ofan og hvetja til uppbyggingar deildarinnar.

A – Stuðningur við rannsóknir

- a – Fjölhæfur aðstoðarmaður við rannsóknir
- b – Verkefnisstjóri til að styðja við rannsóknir og kynningu deildarinnar

B – Nýtt akademískt starfsfólk

- a – Erfðafræðingur með sterkan tölfræðilegan grunn

3 – Stefna um uppbyggingu rannsóknaraðstöðu

Deildin hefur sett fram eftirfarandi stefnu og forgangsröðun um uppbyggingu rannsóknaraðstöðu til að styðja við grunnáherslur sem settar eru fram hér að ofan.

- Ljúka við uppsetningu miðstöðvar í umhverfislífeðlisfræði.

- Byggja einangruð herbergi, til þess að tryggja næði við rannsóknir, og/eða til þess að stjórna umhverfisaðstæðum.
- Byggja upp miðstöð atferlisrannsókna.
- Þróa áfram „fötuherbergið“ með áherslu á hitastýringu.
- Koma fyrir hitastýringum í einangruðum herbergjum.
- Útvega færanlegan búnað til mælingar á lífeðlisfræði fiska í náttúrunni.
- Útvega útbúnað til vefjalitunar og mælinga, með áherslu á mælinga á beinum og brjóska fiska.
- Útvega smásjá með myndavél
- Útbúa staðlaða læki til rannsókna.
- Þróa aðstöðu til varðveislu gagna.